



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2022 - 2025

GREINARGERÐ BÆJARSTJÓRA MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN

ÁSGEIR EIRÍKSSON

SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR

14. des. 21



Inngangur og samantekt.....	5
Ferli fjárhagsáætlunarvinnu	6
Forsendur fjárhagsáætlunar.....	6
00 Skatttekjur	7
0001 Útsvar	7
0006 Fasteignaskattur	7
0010 Jöfnunarsjóður.....	7
0035 Lóðarleiga	7
02 Félagsþjónusta.....	8
0201 Fjölskyldu- og velferðarnefnd.....	8
0202 Sameiginlegur kostnaður.....	8
0211 Fjárhagsaðstoð	8
0218 Húsnæðisbætur (áður húsaleigubætur).....	8
02191 Félagsleg aðstoð ungs fólks	8
0233 Barnavernd – Fóstur utan heimilis	8
0234 Barnavernd – Úrræði á heimili	8
0235 Barnavernd – Annað.....	8
0239 Önnur aðstoð vegna barna.....	8
0241 Þjónustuhópur aldraðra og örorkulífeyrisþega	9
0242 Tómskundastarf aldraðra.....	9
02421 Heimþjónusta aldraðra	9
02511 Framlag Jöfnunarsjóðs.....	9
0252 Liðveisla v. fatlaðra	9
0254 Ferðaðjónusta fatlaðra	9
02551 Frekari liðveisla.....	9
02552 Vistunar- og þjónustusamningar	9
02562 Lækjamót.....	9
02573 Heiðarholt.....	9
02582 Hæfingarstöð	10
02585 Björgin	10
0261 Forvarnir	10
0274 Orlofssjóður húsmæðra.....	10
04 Fræðslu- og uppeldismál	10
0401 Skólaskrifstofa	10
04111 Leikskólinn Suðurvellir.....	10
0417 Dagvistun í heimahúsum	10
0420 Fræðslunefnd.....	10



04211	Stóru-Vogaskóla.....	10
0428	Frístundaskóli	11
0429	Annar grunnskólakostnaður	11
0451	Tónlistarskóli	11
04511	Tónlistarskóli	11
0481	Skólaeldhús.....	11
05	Menningarmál	11
0521	Bókasafn	11
0561	Tjarnarsalur.....	11
0571	Fjölskyldudagurinn	11
0572	Þrettándaskemmtun og önnur hátíðarhöld	11
0587	Kálfatjarnarkirkja	12
0589	Aðrir styrkir.....	12
06	Æskulýðs- og íþróttamál.....	13
0601	Frístunda- og menningarnefnd.....	13
0605	Æskulýðs- og íþróttafulltrúi	13
0627	Vinnuskóli	13
0631	Félagsmiðstöð.....	13
06511	Íþróttamiðstöð.....	13
0661	Íþróttasvæði	13
0665	Reykjanesfólkvangur	13
0683	Golfklúbburinn.....	13
0684	Styrkir vegna æskulýðs- og íþróttamála	13
0689	UMF Þróttur.....	14
07	Brunamál og almannavarnir	15
0724	Brunavarnir.....	15
0740	Almannavarnir	15
0789	Björgunarsveitin Skyggir	15
08	Hreinlætismál	16
0821	Sorphreinsun og gámastöðvar	16
0851	Heilbrigðiseftirlit.....	16
09	Skipulags- og byggingarmál	17
0950	Byggingarnefnd.....	17
0950	Byggingafulltrúi.....	17
0951	Lóðir og endur	17
10	Umferðar- og samgöngumál	18
1031	Viðhald gatna.....	18



1053	Skilti og umferðamerking	18
1059	Götulýsing.....	18
1061	Snjómokstur.....	18
1071	Almenningssamgöngur	18
11	Umhverfismál	19
1101	Umhverfisnefnd.....	19
1102	Umhverfismál	19
1132	Tjaldsvæði.....	19
1142	Sláttur og hirðing opinna svæða.....	19
1161	Jól og áramót	19
1171	Refa- og minkaeyðing	19
13	Atvinnumál	20
1324	Búfjárhald	20
20	Framlög til B-hluta fyrirtækja	21
2010	Hafnarsjóður.....	21
21	Sameiginlegur kostnaður.....	22
21011	Sveitarstjórn	22
2107	Endurskoðun.....	22
2111	Kosningar	22
2140	Bæjarskrifstofa	22
2151	Risna og gjafir	22
2153	Kynning sveitarfélagsins	22
2159	Árshátíð	22
2160	Starfsmannakostnaður	22
2171	Samtök sveitarfélaga	22
22	Lífeyrisskuldbinding.....	23
2210	Áfallin lífeyrisskuldbinding.....	23
27	Óreglulegir liðir.....	24
2701	Endurgreiðslur	24
28	Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	25
2801	Vaxta- og verðbótatekjur af veltufjármunum	25
2802	Tekjur af eignahlutum	25
2811	Vaxta- og verðbótagjöld af skammtímaskuldum	25
2813	Vaxta- og verðbótagjöld af langtímaskuldum	25
31	Eignasjóður	26
31101	Stóru-Vogaskóli.....	26
31151	Leikskólinn Suðurvellir.....	26



31152	Stóru-Vogaskóli, Riddaragarður	26
31201	Íþróttamiðstöð.....	26
31301	Skrifstofa lóndal 2.....	26
31380	Búmenn, þjónusturými.....	26
31381	Búmenn, íbúð 106	26
31382	Búmenn, íbúð 107	26
3150	Gatnakerfi.....	26
31571	Aragerði 4	26
31572	Aðrar fasteignir.....	27
31590	Aðrar fjárfestingar	27
3178	Áhöld og búnaður.....	27
3180	Sameiginlegur kostnaður.....	27
31913	Vaxta- og verðbóttagjöld af langtímaskuldum	27
41	Hafnarsjóður.....	28
4101	Almenn hafnargjöld.....	28
4111	Hafnarmannvirki.....	28
43	Vatnsveita.....	29
4301	Selt vatn.....	29
4312	Stofnæðar og dælur.....	29
61	Fráveita.....	30
6101	Fráveita.....	30
6111	Fráveitukerfi	30
Fjögurra ára áætlun áráanna 2022 – 2025.....		31
Framkvæmdir 2022		31
Forsendur áætlunar áráanna 2023 – 2025.....		32
Yfirlit framkvæmda áráanna 2023 – 2025.....		32
Þróun rekstrartekna, rekstrargjalda og lykiltalna.....		32
Lokaorð – niðurstaða.....		35



Inngangur og samantekt

Fjárhagsáætlun fyrir árin 2022 – 2025 er lögð fram til síðari umræðu og staðfestingar í bæjarstjórn miðvikudaginn 15. desember 2020. Vinna við áætlunina hefur staðið yfir allt frá ágústmánuði, en lítur fyrst nú dagsins ljós í endanlegri mynd. Ástæður þess eru m.a. sú óvissa sem einkennt hefur vinnuna, m.a. vegna þeirrar óvissu sem ríkt hefur (og ríkir enn) í kjölfar kórónaveirufaraldursins.

Snemma á árinu 2021 ákvað bæjarstjórn að ráðast í ítarlega úttekt á rekstri sveitarfélagsins, í samstarfi við RR Ráðgjöf. Verkefninu lauk með því að skýrslu ráðgjafa var skilað til bæjarstjórnar um mitt ár. Þegar í kjölfarið var ráðist í viðamiklar aðhaldaðgerðir, sem nú þegar hafa tekið að skila árangri. Þá hafa einnig verið tekin upp bætt vinnubrögð við áætlunargerðina, m.a. við vinnslu launaáætlunar.

Áætlun um rekstur bæjarsjóðs (A-hluti) og fyrirtækja hans (B-hluti) fyrir árið 2022 er megin viðfangsefni þessarar greinargerðar. Í lokakafla greinargerðarinnar er fjallað um áætlun fyrir árin 2023 – 2025, bæði um forsendur sem miðað hefur verið við sem og þær framkvæmdir og nýfjárfestingar sem ráðgerðar eru á því tímabili

Áætlunin gerir ráð fyrir að rekstur samstæðunnar (A og B hluta) skili neikvæðri niðurstöðu, þ.e. tekjur verði lægri en gjöld. Er þetta þriðja árið í röð sem rekstrarniðurstaðan er neikvæð. Á hinn bóginn má benda á að merki sjást um góðan viðsnúning. Tekjur fara jafnframt hækkandi með áætlaðri fjölgun íbúa í sveitarfélaginu.

Samstæðan í heild (A og B hluti) skilar einnig neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Hallareksturinn hefur áhrif á sjóðsstreymi sveitarfélagsins, sem þarf að óbreyttu að ráðast í lántökur til að fjármagna hallareksturinn að hluta til. Þetta á við um árið 2022. Þriggja ára áætlunin fyrir árin 2023 – 2025 gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaðan nái jafnvægi síðari hluta árs 2023, og að rekstrarniðurstaðan verði jákvæð síðustu tvö ár áætlunartímabilsins. Veltufé frá rekstri verður jákvætt þegar árið 2022, og helst þannig út allt áætlunartímabilið. Í lok áætlunartímabilsins er ráð fyrir að reksturinn skili tæpum 340 m.kr. sem veltufé frá rekstri. Í sjóðsstreymisáætlun er gert ráð fyrir að handbært fé í lok hvers árs verði a.m.k. 100 m.kr., og næst það markmið strax á árinu 2021.

Álagningarhlutföll fasteignagjalda hækka á milli ára. Álagningarstofninn, þ.e. fasteignarmatið, hækkar einnig milli ára, mismikið eftir tegundum eigna. Bæjarráð leggur til að álagning vatnsskatts og fráveitugjalds verði lækkað á milli ára, til að mæta hækkuðum fasteignaskatti. Með þessu móti er unnt að miða við að heildarálagning fasteignagjalda þróist á milli ára í takt við verðlagsþróun. Viðmiðunarfjárhæðir vegna afsláttar fasteignaskatta fyrir eldri borgara og örorkulífeyrisþega hafa verið uppfærðar, auk þess sem fjárhæðir milli mismunandi afsláttarflokka hafa verið samræmdar.

Áætlaðar fjárfestingar árið 2021 eru áætlaðar 309 m.kr. Fjárfrekasta framkvæmdin 2022 er fjárfesting í nýju vatnsbóli sveitarfélagsins, en sú framkvæmd er enn háð óvissu þar sem ekki hafa tekist samningar um land undir hið nýja vatnsból við meðeigendur sveitarfélagsins að því landi þar sem gert er ráð fyrir hinu nýja vatnsbóli. Þá er einnig gert ráð fyrir framkvæmdum við fráveitu. Lagningu göngu- og hjólréiðastígs yfir Vogastapa er á dagskrá, en sú framkvæmd er einnig háð samkomulagi við landeigendur.

Áætlað sjóðsstreymi fyrir samstæðuna dregur m.a. fram þörf fyrir lánsfé, bæði til að standa straum af fjármögnun nýframkvæmda sem og hallareksturs. Miðað við sjóðsstreymisáætlunina er gert ráð fyrir að s.k. skuldviðmið verði á bilinu 80% - 110%, en að skuldahlutfall verði á bilinu 105% - 135%. Samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 gera fjármálareglur ráð fyrir að skuldahlutfall skuli að hámarki vera 150%, og því ljóst að sveitarfélaginu tekst að halda sig innan þeirra marka. Jafnvægisregla sömu laga gerir ráð fyrir að hvert þriggja ára tímabil skuli vera samtals jákvæð rekstrarniðurstaða. Ljóst er að samkvæmt áætluninni næst það markmið ekki fyrr en árið 2024. Alþingi hefur þegar ákveðið að afnema þessi viðmið næstu árin, meðan að afleiðingar veirufaraldursins ganga yfir og rekstrarumhverfi sveitarfélaga verður eðlilegt að nýju.

Í framlögðu áætlunarskjali er greinargott yfirlit um rekstur, efnahag og sjóðsstreymi bæjarsjóðs og samstæðunnar. Þeim gögnum ásamt þessari greinargerð er ætlað að veita glögga heildarmynd af fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga árin 2022 – 2025.



Ferli fjárhagsáætlunarvinnu

Undirbúningur fjárhagsáætlunarvinnunnar hófst þegar í lok sumars, þegar drög að vinnuáætlun voru lögð fram í bæjarráði. Frá byrjun september hefur málið verið á dagskrá allra reglubundinna bæjarráðsfunda, auk þess sem bæjarráð hittist á sérstökum vinnufundum þar sem m.a. gafst tækifæri til að funda með deildarstjórum. Fjármálaráðstefna Sambands íslenskra sveitarfélaga fór fram í október, þar fengust ýmsar gagnlegar upplýsingar m.a. um forsendur til að styðjast við, auk þess sem margvísleg og gagnleg erindi voru flutt. Bæjarráð hefur hist á nokkrum vinnufundum, m.a. með deildarstjórum. Síðasti vinnufundur bæjarráðs var fimmtudaginn 9. desember 2021.

Forsendur fjárhagsáætlunar

Forsendur áætlunarinnar taka mið af ýmsum ytri þáttum, m.a. þjóðhagsspá. Stuðst er við minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem gefur álit sitt á ýmsum forsendum. Útsvarstekjur eru áætlaðar með hliðsjón af útgefinni staðgreiðsluáætlun Sambandsins, ásamt áætluðum hækkunum vegna fjölgunar íbúa. Áætlanir um framlög úr jöfnunarsjóði eru birtar á heimasíðu sjóðsins. Laun og launatengd gjöld er stærsti einstaki útgjaldaliður sveitarfélagsins, launaáætlun tekur mið af fjölda stöðugilda og gildandi kjarasamningum. Kjarasamningar kennara eru lausir um áramót, en aðrir kjarasamningar eru að mestu leyti í gildi út árið 2022.

Gjaldskrá sveitarfélagsins hækkar að jafnaði um 3% milli ára, auk þess sem viðmiðunarfjárhæðir afsláttar fasteignaskatta hafa verið uppfærðar. Almennar verðlagshækkningar eru áætlaðar 3%.



00 Skatttekjur

Heildartekjur hækka um 16 m.kr. milli ára, miðað við áætlun ársins 2020 með viðaukum. Skatttekjurnar samanstanda af útsvari, fasteignaskatti, framlögum úr Jöfnunarsjóði.

0001 Útsvar

Samkvæmt [staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga](#) sem gefin er út af Sambandi íslenskra sveitarfélaga er gert ráð fyrir að útsvarsstofn hækki um 6,6% árið milli árunna 2021 og 2022. Í áætlun sveitarfélagsins er stuðst við þessa spá, ásamt því að taka tillit til áætlaðar fjölgunar íbúar á milli ára. Í því tilliti er tekið mið af byggingu nýrra íbúa í sveitarfélaginu, og spá um fjölda þeirra.

0006 Fasteignaskattur

Álagning alls er áætluð 147 m.kr. Álagningarstofninn hækkar milli ára, vegna lækkunar fasteignamats í sveitarfélaginu árið 2022. Ákveðið var að leggja til að álagningarprósenta fasteignaskatts yrði 0,43% af fasteignamati, í stað 0,335% árið 2021. Með þessari hækkun verður hin raunverulaga hækkun álagðs fasteignaskatts talsvert umfram áætlaða verðlagsþróun milli ára. Til að mæta þessum hækkunum hefur álagning vatnsskatts og fráveitugjalds verið lækkuð, þannig að heildarbreyting fasteignagjalda fylgir nokkurn veginn verðlagsþróun milli ári. Með þessu móti næst einnig að auka framlag úr Jöfnunarsjóði vegna fasteignarskatta.

0010 Jöfnunarsjóður

Nú liggja áætlanir jöfnunarsjóðs fyrir árið 2022 fyrir, og hafa verið færðar inn í áætlunina. Heildarframlög jöfnunarsjóðs eru áætluð 329 m.kr. Óvissuþáttur sem fyrr er áætlun um tekjujöfnunarframlag. Árið 2021 var spá um að framlagið yrði 30 m.kr., en framlögin urðu 21,6 m.kr. Áætlun 2022 gerir ráð fyrir að framlagið verði 25 m.kr., áætlunin byggir á forsendum sem taka mið af þróun útsvarstekna á landsvísu. Framlag vegna fasteignaskatta er áætlað 46,2 m.kr., sem er talsverð hækkun frá 2021.

0035 Lóðarleiga

Tekjur af lóðarleigu er lágt hlutfall skatttekna og hefur því tiltölulega lítið vægi í heildarmyndinni. Áætlunin miðast við að álagningarhlutfallið lækki milli ára, og að tekjur af lóðarleigu verði 10,9 m.kr.



02 Félagsþjónusta

Heildaráætlun málaflokksins er 186,5 m.kr. Áætlunin byggir annars vegar á áætlun Félagsþjónustunnar og hins vegar á áætlunum sveitarfélagsins um þá þætti félagsþjónustu sem rekinn er af sveitarfélaginu. Málaflokkurinn hækkar um 18 m.kr. milli ára.

0201 Fjölskyldu- og velferðarnefnd

Nefndarlaun fulltrúa sveitarfélagsins í sameiginlegri Fjölskyldu- og velferðarnefnd eru færð hér, áætlunin er 0,9 m.kr. fyrir árið. Sveitarfélagið Vogar á tvo fulltrúa í nefndinni.

0202 Sameiginlegur kostnaður

Undir þessum lið er færð kostnaðarhlutdeild sveitarfélagsins við rekstur sameiginlegrar félagsþjónustu Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga. Áætlun ársins er 33,6 m.kr. og er að uppstöðu til vegna launa og launatengdra gjalda starfsfólks félagsþjónustunnar.

0211 Fjárhagsaðstoð

Starfsfólk félagsþjónustunnar hefur áætlað fjárhagsaðstoð 2022, og gengið út frá tilteknum forsendum þar að lútandi. Forsendur gera ráð fyrir að tilteknum fjölda einstaklinga sem þurfi á fjárhagsaðstoð að ræða. Áætlunin 2022 er 16,4 m.kr., samanborið við uppfærða áætlun ársins 2021 sem var 17,7 m.kr., og lækkar því lítillega milli ára.

0218 Húsnæðisbætur (áður húsaleigubætur)

Félagsmálastjóri gerir ráð fyrir 3,5 m.kr. í þennan lið. Sérstökum húsnæðisstuðningi er úthlutað í samræmi við samþykktar verklagsreglur þar að lútandi.

02191 Félagsleg aðstoð ungs fólks

Undir þessum lið er áætluð sérstök fjárhagsaðstoð til ungs fólks, sem Félagsþjónustan gerir ráð fyrir. Áætlunin er 5,8 m.kr.

0233 Barnavernd – Fóstur utan heimilis

Hér er færð áætlun um þann kostnað sem fellur til vegna vistunar barna í fóstur utan heimilis. Áætlunin er 8 m.kr. Eðli málsins samkvæmt eru liðir sem þessir háðir mikilli óvissu.

0234 Barnavernd – Úrræði á heimili

Félagsþjónustan býður fjölskyldum í vanda upp á ýmis úrræði, sem nauðsynlegt getur verið að grípa til. Áætlun þessa liðar er 2,0 m.kr. Eðli málsins samkvæmt eru liðir sem þessir háðir mikilli óvissu.

0235 Barnavernd – Annað

Hér er færður kostnaður vegna ýmissa stuðningsúrræða í barnavernd. Áætlunin er 1,4 m.kr.

0239 Önnur aðstoð vegna barna

Hér er færður kostnaður vegna veitts afsláttar af leikskólagjöldum, sbr. afsláttarreglur í gjaldskrá sveitarfélagsins. Afslátturinn er annars vegar vegna lágra tekjuviðmiða, og hins vegar systkinaafsláttur. Einungis er unnt að sækja um annað afsláttarformið. Áætlunin er 2,5 m.kr.



0241 Þjónustuhópur aldraðra og örorkulífeyrisþega

Hér er annars vegar færður kostnaður sveitarfélagsins vegna afsláttar fasteignaskatta til elli- og örorkulífeyrisþega (1,5 m.kr), þar sem mið er tekið af tekjum. Hins vegar er færður hér kostnaður sveitarfélagsins vegna dagdvalar í Selinu í Reykjanesbæ og í nýrri dagdvöl í Suðurnesjabæ (2,0 m.kr). Samtals er þessi liður því áætlaður 3,5 m.kr.

0242 Tómskundastarf aldraðra

Hér færist allur kostnaður vegna félagsstarfs eldri borgara. Reksturinn er í jafnvægi milli ára. Vert er að geta þess að stærsti einstaki liðurinn er reiknuð innri leiga vegna afnota af húsnæðinu í Álfagerði. Heildaráætlun er 43,7 m.kr. Raunkostnaður án innri leigu er um 12,7 m.kr.

02421 Heimaþjónusta aldraðra

Hér er færður kostnaður við veitta heimilisþjónustu til eldri borgara sveitarfélagsins, skv. sérstökum reglum þar að lútandi. Áætlunin er 6,8 m.kr.

02511 Framlag Jöfnunarsjóðs

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitir fjármagni til félagsþjónustusvæða, til greiðslu kostnaðar vegna málefna fatlaðs fólks. Framlaginu er ætlað að koma til móts við þann kostnað sem fellur til við hin ýmsu úrræði sem í boði eru fyrir fólk með fötlun. Framlag sjóðsins árið 2022 er áætlað 59,0 m.kr.

0252 Liðveisla v. fatlaðra

Fatlaðir einstaklingar njót liðveislu og félagslegrar heimaþjónustu af ýmsu tagi, sem stýrt er af hálfu Félagsþjónustunnar samkvæmt sérstökum verklagsreglum. Áætlun ársins 2022 er 17,6 m.kr.

0254 Ferðaþjónusta fatlaðra

Fatlaðir einstaklingar eiga rétt á akstursþjónustu, jafnt til hæfingar, endurhæfingar og menntunar. Um ferðaþjónustuna gilda sérstakar reglur sem Félagsþjónustan vinnur eftir. Áætlun ársins er 12,8 m.kr.

02551 Frekari liðveisla

Hér er um að ræða þjónusta sem grunnþjónusta (stuðningsþjónusta) nær ekki yfir, og byggir m.a. á fötlunarmati. Áætlun þessa liðar er 2,9 m.kr.

02552 Vistunar- og þjónustusamningar

Þessi liður nær m.a. yfir NPA samninga sem gerðir eru við fólk með fötlun sem þarfnast mikils og viðvarandi stuðnings. Áætlun ársins er 34,6 m.kr.

02562 Lækjamót

Hér er um eitt margra úrræða að ræða fyrir fólk með fötlun. Hlutdeild sveitarfélagsins í rekstrarkostnaði árið 2022 er 25,5 m.kr.

02573 Heiðarholt

Hér er um eitt nokkurra úrræða að ræða fyrir fólk með fötlun. Hlutdeild sveitarfélagsins í rekstrarkostnaði árið 2022 er 5,7 m.kr.



02582 Hæfingarstöð

Hér er um eitt nokkurra úrræða að ræða fyrir fólk með fötlun. Hlutdeild sveitarfélagsins í rekstrarkostnaði árið 2022 er 5,0 m.kr.

02585 Björgin

Hér er um eitt nokkurra úrræða að ræða fyrir fólk með fötlun. Hlutdeild sveitarfélagsins í rekstrarkostnaði árið 2022 er 2,4 m.kr.

02596 Stuðningsfjölskyldur fatlaðra

Hér er um eitt nokkurra úrræða að ræða fyrir fólk með fötlun. Hlutdeild sveitarfélagsins í rekstrarkostnaði árið 2022 er 5,3 m.kr.

0261 Forvarnir

Um er að ræða lítills háttar kostnaðarlið vegna sameiginlegs forvarnarteymis á starfssvæði félagsþjónustunnar, 100 þús.kr.

0274 Orlofssjóður húsmæðra

Framlagið er lögbundið. Áætlunin er 160 þús.kr.

04 Fræðslu- og uppeldismál

Heildarkostnaður við rekstur málaflokksins er áætlaður rúmar 698 m.kr., og er því stærsti og kostnaðarsamasti einstaki málaflokkurinn í rekstri sveitarfélagsins. Rekstur skóla og leikskóla eru stærstu einstöku kostnaðarliðirnir.

0401 Skólaskrifstofa

Fræðsluþjónusta sveitarfélagsins er starfrækt í samstarfi við Suðurnesjabæ. Þjónustan er staðsett í Sandgerði, og fellur undir starfsemi Fjölskyldusviðs Suðurnesjabæjar. Hlutdeild kostnaðar Sveitarfélagsins Voga árið 2022 er 17,7 m.kr.

04111 Leikskólinn Suðurvellir

Rekstur leikskólans er í jafnvægi milli ára, og byggir m.a. á forsendum í s.k. leikskólalíkani þar sem tekið er mið af fjölda barna, aldursamsetningu o.fl. Heildarkostnaður við rekstur leikskólans er áætlaður 165 m.kr.

0417 Dagvistun í heimahúsum

Áætlun þessa liðar er 0,5 m.kr., og er hugsuð til að mæta tímabundnum þörfum meðan beðið er eftir að börn sem eiga rétt á leikskólaplássi komist að í skólanum.

0420 Fræðslunefnd

Laun og launatengd gjöld Fræðslunefndar. Áætlun ársins 2022 er 2,6 m.kr.

04211 Stóru-Vogaskóla

Áætlunin byggir að stærstum hluta til á forsendum sem settar eru fram í sérstöku reiknilíkani, og er afrakstur vinnu með ráðgjafa á árinu 2021. Rekstur skólans kostar í heildina 486 m.kr.



0428 Frístundaskóli

Reksturinn er hefðbundinn milli ára. Áætlað er að reksturinn kosti 4,2 m.kr. árið 2022.

0429 Annar grunnskólakostnaður

Undir þessum lið eru færðar tekjur sem sveitarfélagið fær greitt með nemendum sem sækja skóla í sveitarfélaginu en eiga ekki lögheimili hér. Að sama skapi eru hér einnig færð gjöld sem sveitarfélagið þarf að standa skil á vegna vistunar nemenda sem hér búa en sækja af einhverjum ástæðum skóla utan lögheimilis sveitarfélagsins. Nettó niðurstaða þessa liðar eru 0,9 m.kr. í gjöld.

0451 Tónlistarskóli

Tónlistarskólinn er starfræktur innan veggja Stóru-Vogaskóla, en er færð sem sjálfstæð eining í bókhaldi sveitarfélagsins. Heildarkostnaður við rekstur tónlistarskólans er áætlaður 15,6 m.kr. Starfsemin verður eflað á árinu 2022, en ráðinn var nýr kennari sem gerir það að verkum að framboð námsgreina eykst.

04511 Tónlistarskóli

Hér er um að ræða niðurgreiðslu á tónlistarnámi utan lögheimilissveitarfélags, fyrir börn að 18 ára aldri sem sækja tónlistarnám í aðra tónlistarskóla. Áætlun ársins 2022 er 0,8 m.kr.

0481 Skólaeldhús

Reksturinn er óbreyttur að umfangi milli ára, en kostnaði við hann er að mestu deilt á grunnskólann sem og er tekjufærsla vegna matseldar fyrir eldri borgara. Nettó kostnaður við rekstur skólaeldhússins er 4,6 m.kr.

05 Menningarmál

Undir þessum málaflokki er rekstur bókasafns, Tjarnarsals ásamt kostnaði við hátíðarhöld, þ.m.t. fjölskyldudaginn. Að auki falla undir þennan málaflokk styrkir vegna menningarstarfsemi ýmiss konar. Heildaráætlun málaflokksins er 44 m.kr.

0521 Bókasafn

Reksturinn er í jafnvægi milli ára. Áætlun ársins 2022 er 13,2 m.kr.

0561 Tjarnarsalur

Reksturinn er hefðbundinn, hér færast tekjur vegna útleigu ásamt rekstrarkostnaði. Einnig færast hér reiknuð, innri leiga. Áætlun ársins er 21,0 m.kr.

0571 Fjölskyldudagurinn

Vonir standa til að unnt verði að halda fjölskyldudaginn hátíðlegan og með myndarlegum hætti árið 2022, en dagskráin árin 2020 og 2021 féllu að mestu niður vegna samkomutakmarkana. Áætlun ársins er 5,6 m.kr.

0572 Þrettándaskemmtun og önnur hátíðarhöld

Heildaráætlun þessa liðar er 1,5 m.kr, og er til fjármögnunar öðrum hátíðarhöldum en Fjölskyldudags.



0587 Kálfatjarnarkirkja

Kirkjan fær árlegan styrk til að standa straum af hitunarkostnaði. Að auki er hér færð innri leiga vegna eldri húsa á svæðinu. Heildaráætlun þessa liðar er 1,1 m.kr.

0589 Aðrir styrkir

„Pottur“ fyrir ýmsar styrkbeiðnir er fram kunna að koma vegna menningartengdar starfsemi.

Fjárveitingin er kr. 1.500.000. Vogar TV fær m.a. 250 þús.kr. af þessum lið í styrk til starfsemi sinnar.



06 Æskulýðs- og íþróttamál

Undir þessum málaflokk er rekstur félagsmiðstöðvar íþróttamiðstöðvar, íþróttamannvirkja auk þess sem styrkir til félaga sem starfa á vettvangi málaflokksins eru færðir hér. Heildarkostnaður við rekstur málaflokksins árið 2022 er 168 m.kr.

0601 Frístunda- og menningarnefnd

Kostnaður vegna launa og launatengda gjalda Frístunda- og menningarnefndar. Áætlun ársins er 1,4 m.kr.

0605 Æskulýðs- og íþróttafulltrúi

Undir þennan lið fellur rekstrarkostnaður embættis Íþrótt- og tómstundafulltrúa, sem og launakostnaður Félagsmiðstöðvar. Áætlun ársins er 16,9 m.kr.

0627 Vinnuskóli

Áfram er gert ráð fyrir fastákveðnu vinnuframlagi árganganna í Vinnuskólanum. Áður var gert ráð fyrir tiltekinni fjárveitingu, og réðst vinnumagnið af því hversu mörg ungmenni sóttust eftir starfi í Vinnuskólanum. Kostnaður við rekstur vinnuskólans verður 25,5 m.kr. árið 2022

0631 Félagsmiðstöð

Hér er færður rekstrarkostnaður við félagsmiðstöð ungmenna (Boruna), þ.e. annar kostnaður en laun og launatengd gjöld starfsfólks. Áætlun fyrir þennan lið er 1,3 m.kr.

06511 Íþróttamiðstöð

Rekstur íþróttamiðstöðvar er í jafnvægi frá ári til árs. Áætlun ársins er 72,4 m.kr.

0661 Íþróttasvæði

Undir þessum lið er vallarumsjón, sem er á hendi knattspyrnudeildar Þróttar. Gert er ráð fyrir sambærilegu fyrirkomulagi næsta ár, og er heildaráætlun þessa liðar 15,6 m.kr.

0665 Reykjanesfólkvangur

Áætlun Reykjanes UNESCO Geopark liggur fyrir, og hefur verið samþykkt af stjórn Jarðvangsins ásamt því að vera afgreidd af fjárhagsnefnd og stjórn SSS. Hér er einnig færður kostnaður vegna aðildar sveitarfélagsins að Reykjanesfólkvangi. Liðurinn alls er áætlaður 2,1 m.kr.

0683 Golfklúbburinn

Árlegur styrkur til Golfklúbbsins er 6,0 m.kr. Hann innifelur m.a. aðstoð við afborgun á láni sem tekið var á sínum tíma til byggingar nýrrar vélaskemmu; styrk vegna barna- og unglingsstarfs og niðurfellingu fasteignagjalda.

0684 Styrkir vegna æskulýðs- og íþróttamála

Hér er færður kostnaður vegna frístundastyrks barna og ungmenna, sem er ráðgerður kr. 35.000 á hvern einstakling 18 ára og yngri. fjárveitingin verði 3 m.kr.



0689 UMF Þróttur

Styrkur til aðalstjórnar UMFÞ er óbreyttur frá fyrra ári, 6.850 þús.kr. Styrkur til knattspyrnudeildar verður samtals 10,5 m.kr., sem er nokkur hækkun frá fyrra ári. Hér er m.a. gert ráð fyrir hærri rekstrarstyrk í tengslum við að nú er liðið komið í næst efstu deild, sem og styrk til kaupa á nýrri sláttuvél og til uppbyggingar rafíþróttum. Heildaráætlun er 24,1 m.kr., eftir að tekið hefur verið tillit til innri leigu og reiknaðra afnota.



07 Brunamál og almannavarnir

Hér er færður kostnaður við brunavarnir, almannavarnir og starfsemi björgunarsveitar. Málaflokkurinn í heild sinni er áætlað að kosti 28,4 m.kr.

0724 Brunavarnir

Áætlun BS hefur verið afgreidd af stjórn BS og liggur fyrir. Brunavarnir Suðurnesja hafa nú flutt í nýtt og glæsilegt húsæði, sem leysir af hólmi eldra og óhagstæðar húsnæði. Rekstrarframlag sveitarfélagsins er áætlað 25,7 m.kr. árið 2022. Framlagið hækkar umfram verðlagsbreytingu á milli ára, einkum vegna kostnaðar við styttingu vinnuvikunnar.

0740 Almennavarnir

Áætlun Almennavarnarnefndar liggur fyrir og hefur verið samþykkt af stjórn Almennavarnarnefndar. Framlag sveitarfélagsins er 270 þús.kr.

0789 Björgunarsveitin Skyggvir

Styrkfjárhæð milli ára er óbreytt, 2,5 m.kr.



08 Hreinlætismál

Undir þessum lið eru færðar tekjur og gjöld sormála, sem og framlag sveitarfélagsins til rekstur heilbrigðiseftirlits. Rekstur málaflokksins í heild sinni er áætlað að muni kosta 5,2 m.kr.

0821 Sorphreinsun og gámastöðvar

Sorphirðugjöld og sorpeyðingargjöld eru færð til tekna undir þessum málafllokki. Álagning sorphirðugjalda taka mið af fjölda sorptunna við hvert heimili. Sorpeyðingargjöld eru lögð á samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins, á öll fasteignanúmer. Miðað við tillögu að gjaldskrá 2022 er heildarálagning þessara gjalda áætlun 25,2 m.kr.

Kalka, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, hefur umsjón með allri sorphirðu heimila í sveitarfélaginu, ásamt því að annast sorpeyðingu (einkum brennslu). Fjárhæðir vegna sorphirðu og sorpeyðingar eru ákvarðaðar af stjórn Kölku, og tekur fjárhagsáætlun sveitarfélagsins mið af því. Hlutdeild sveitarfélagsins í rekstri Kölku árið 2022 er 27 m.kr.

0851 Heilbrigðiseftirlit

Áætlun HES er ákvörðuð af fjárhagsnefnd og stjórn SSS, og hefur verið færð inn í áætlun sveitarfélagsins. Hlutdeild sveitarfélagsins í rekstri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja árið 2021 ásamt árlegu heilbrigðiseftirlitsgjaldi sveitarfélagsins er áætluð 3,5 m.kr.



09 Skipulags- og byggingarmál

Rekstur málaflokksins er að uppistöðu starfsemi embættis skipulags- og byggingafulltrúar sveitarfélagsins. Heildarkostnaður við málaflokkinn er áætlað að muni kosta 29,3 m.kr. árið 2022.

0950 Byggingarnefnd

Laun og launatengd gjöld Umhverfis- og skipulagsnefndar er 3,2 m.kr.

0950 Byggingafulltrúi

Áætlunin nær yfir rekstur embættis skipulags- og byggingafulltrúa sveitarfélagsins, en árið 2022 er fyrsta heila árið í rekstri sveitarfélagsins þar sem þessum lið er alfarið sinnt af starfsmanni sveitarfélagsins. Áætlun þessa liðar er 17,3 m.kr.

0951 Lóðir og endur

Hér eru fasteignagjöld af ýmsum fasteignum sveitarfélagsins færð til gjalda. Liðurinn er áætlaður kosta 8,8 m.kr. á árinu 2022.



10 Umferðar- og samgöngumál

Undir þennan málaflokk fellur kostnaður vegna atriða er lúta að götum, skiltum, lýsingu, snjómokstri og almenningssamgöngum. Rekstur málaflokksins er áætlað að kosti 36,8 m.kr.

1031 Viðhald gatna

Heilaráætlun þessa liðar er 28,7 m.kr. Undir þessum lið er m.a. gert ráð fyrir úrbótum í samræmi við umferðaröryggisáætlun sveitarfélagsins, en uppistaðan í þessum lið eru reiknuð afnot sem tekjufærast í Eignasjóð.

1053 Skilti og umferðamerking

Umferðaskilti og merkingar ýmiss konar hafa talsvert verið endurnýjaðar undanfarið. Hefðbundið viðhald er ráðgert áfram, áætlunin er 0,9 m.kr.

1059 Götulýsing

Liðurinn gerir ráð fyrir m.a. rafmagni til lýsingar, ásamt viðhaldi og endurnýjun búnaðar. Áætlunin er 8 m.kr.

1061 Snjómokstur

Áætlunin er reiknaður liður sem tekjufærist á þjónustumiðstöð, 3 m.kr.

1071 Almenningsamgöngur

Sveitarfélagið sinnir akstri Vogastrætó fyrir Vegagerðina, og fær tekjur af því. Á móti kemur rekstur bíls og annar tilfallandi kostnaður. Gert er ráð fyrir tekjuafgangi af þessum lið, 3,8 m.kr.



11 Umhverfismál

Undir þennan málaflokk fellur starfsemi þjónustumiðstöðvar sveitarfélagsins, rekstur og hirðing opinna svæða ásamt kostnaði við jólaskeytingar o.fl. Áætlunin gerir ráð fyrir að rekstur málaflokksins kosti 71,3 m.kr. á árinu 2022

1101 Umhverfisnefnd

Hér er færður kostnaður vegna Umhverfisnefndar, laun og launatengd gjöld. Áætlun ársins er 1,4 m.kr.

1102 Umhverfismál

Rekstur Umhverfiseildar nær nú yfir allan fasteignarekstur sveitarfélagsins, sem og umsjón með umhverfismálum, opnum svæðum o.s.frv. Starfsmenn deildarinnar sinna jafnframt akstri skólabíls og Vogastrætó. Áætlun ársins gerir ráð fyrir að kostnaður við rekstur deildarinnar árið 2022 verði 60,1 m.kr. Talsvert hefur verið hagrætt í starfseminni sem leiðir til lækkunar rekstrarkostnaðar milli ára u.þ.b. 11,2 m.kr.

1132 Tjaldsvæði

Lítills háttar kostnaður er færður hér, en tjaldsvæðið er nú leigt til utanaðkomandi rekstraraðila. Vegna ástandsins í samfélaginu er ekki gert ráð fyrir tekjum af tjaldsvæðinu sem renna til sveitarfélagsins, fyrr en í fyrsta lagi árið 2022.

1142 Sláttur og hirðing opinna svæða

Búnaður er allur nýlegur og í góðu ástandi. Heildaráætlun þessa liðar er 4,4 m.kr árið 2022.

1161 Jól og áramót

Gert er ráð fyrir endurnýjun og viðhaldi jólaskeytinga sem og kaup á nýjum skreytingum fyrir miðbæjarsvæðið. Heildaráætlun er 3,2 m.kr.

1171 Refa- og minkaeyðing

Áætlun er 350 þús.kr., verður einkum varið í að ráðast gegn fjölgun minka á Vatnsleysuströnd.



13 Atvinnumál

1324 Búfjárhald

Hér er áætlað 250 þús.kr. vegna styrks til viðhalds girðingar í sameiginlegu beitarhólfi í Grindavík.



20 Framlög til B-hluta fyrirtækja

2010 Hafnarsjóður

Rekstur Vogahafnar stendur ekki undir sér, því þarf til að koma framlag úr bæjarsjóði til að standa undir hallarekstrinum. Framlag úr bæjarsjóði er áætlað 5,6 m.kr.



21 Sameiginlegur kostnaður

Málaflokkurinn er vegna yfirstjórnar sveitarfélagsins, m.a. kostnað við bæjarstjórn, bæjarskrifstofu, endurskoðun ársreikninga ásamt ýmsum fleiri liðum. Alls er gert ráð fyrir að sameiginlegur kostnaður árið 2022 verði 198 m.kr.

21011 Sveitarstjórn

Rekstur sveitarstjórnar er í jafnvægi milli ára. Kostnaður við sveitarstjórn árið 2022 er áætlaður 27 m.kr. Bæjarstjórn samþykkti að laun bæjarstjórnar og nefnda skyldu ekki hækka milli áráanna 2021 og 2022.

2107 Endurskoðun

Áætlunin er samkvæmt gildandi samningi um endurskoðun sveitarfélagsins. Áætlun ársins 2021 er 5,8 m.kr.

2111 Kosningar

Sveitarstjórnarkosningar verða árið 2022. Áætlaður kostnaður við framkvæmd kosninganna er 1,6 m.kr.

2140 Bæjarskrifstofa

Rekstur bæjarskrifstofu er áþekkur milli ára. Gert er ráð fyrir uppsetningu útsendingarbúnaðar frá bæjarstjórnarfundum. Heildaráætlun bæjarskrifstofu árið 2022 er 127,3 m.kr. og innifelur m.a. laun og launatengd gjöld, aðkeypta sérfræðiþjónustu ýmiss konar o.s.frv.

2151 Risna og gjafir

Ýmislegt tilfallandi færast undir þennan lið, tækifærisgjafir o.þ.h. Áætlun ársins er 256 þús.kr.

2153 Kynning sveitarfélagsins

Lagt er til að kynning sveitarfélagsins verði eflað, og að áætlun ársins verði 2,0 m.kr.

2159 Árshátíð

Framlag til þessa liðar er áætlað 2 m.kr. Ekki hefur reynst unnt að halda árshátíð undanfarin tvö ár vegna samkomutakmarkana, en vonir standa til að úr rætist á nýju ári.

2160 Starfsmannakostnaður

Hér er gert ráð fyrir ýmiss konar aðkeyptri þjónustu, m.a. sérfræðiþjónustu og ráðgjöf á sviði mannauðsmála. Þá er einnig gert ráð fyrir varasjóði vegna óvæntra útgjalda (t.a.m. langtímaveikindum starfsfólks) undir þessum lið. Áætlun ársins er 25,5 m.kr.

2171 Samtök sveitarfélaga

Annars vegar er um að ræða kostnað við nefndarlaun fulltrúa sveitarfélagsins í stjórn SSS og hins vegar áætlun um rekstur SSS og þátttöku sveitarfélagsins í honum. Áætlun ársins er 4,1 m.kr.



22 Lífeyrisskuldbinding

2210 Áfallin lífeyrisskuldbinding

Áætlunin er á svipuðum nótum milli ára. Um er að ræða reiknaðan lið, sem ekki hefur áhrif á sjóðstreymi. Lífeyrisskuldbindingin er áætlun 6 m.kr. á árinu 2022.



27 Óreglulegir liðir

2701 Endurgreiðslur
Ekkert er áætlað á þennan lið.



28 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Áætlun þessara liða er unnin með aðstoð rekstrarráðgjafa sveitarfélagsins, og tekur alla jafna mið af áætluðu vaxtastigi og verðbólguþróun. Miðað við forsendur um fjárfestingar og hallarekstur, og þau áhrif sem þessir þættir hafa á lánsfjárförfina er gert ráð fyrir að málaflokkurinn kosti 69,8 m.kr.

2801 Vaxta- og verðbótatekjur af veltufjármunum

Hér færast m.a. vaxtatekjur af innheimtukröfum sveitarfélagsins

2802 Tekjur af eignahlutum

Hér er m.a. tekjufærð arðgreiðsla fráveitu sveitarfélagsins, vegna framkvæmda sem á sínum tíma voru fjármagnaðar úr bæjarsjóði.

2811 Vaxta- og verðbótagjöld af skammtímaskuldum

Sveitarfélagið þarf alla jafna ekki að fjármagna reksturinn með skammtímalánum, en komi það til færast þau útgjöld undir þennan lið.

2813 Vaxta- og verðbótagjöld af langtímaskuldum

Undir þessum lið er uppistaða málaflokksins, en hér færast vextir og verðbætur af langtímaskuldum sveitarfélagsins. Tekin voru ný lán árið 2021, og áfram er gert ráð fyrir nýjum lántökum árið 2022.



31 Eignasjóður

Rekstur fasteigna eru færðar undir eignasjóði, þ.e. reiknaðar leigutekjur sem gjaldfærðar eru á viðkomandi stofnun, en á móti kemur rekstrarkostnaður fasteigna, svo sem fasteignagjöld, tryggingar ásamt viðhaldskostnaði, jafnt fasteigna sem lóða. Tekjuafgangur Eignasjóðs árið 2022 er áætlaður 95 m.kr.

31101 Stóru-Vogaskóli

Á áætlun vegna viðhalds húsa eru allir þeir liðir vegna skóla og Tjarnarsals sem voru settir í forgang af hálfu skólastjórnenda og sviðsstjóra umhverfis- og skipulags. Fjárveiting til viðhaldsverkefna er 12,1 m.kr. Rekstur húsakosts skólans með reiknaðri innri leigu skilar Eignarsjóði 46 m.kr. í tekjuafgang.

31151 Leikskólinn Suðurvellir

Á áætlun vegna viðhalds húsa eru allir þeir liðir sem voru settir í forgang af hálfu leikskólastjóra og sviðsstjóra umhverfis- og skipulags. Fjárveiting til viðhaldsverkefna er 5,2 m.kr. Tekjuafgangur Eignarsjóðs vegna reksturs fasteigna leikskólans er 10 m.kr.

31152 Stóru-Vogaskóli, Riddaragarður

Innifalið í áætlun grunnskólans. Tekjuafgangur Eignarsjóðs er 2,9 m.kr.

31201 Íþróttamiðstöð

Á áætlun vegna viðhalds húsa eru allir þeir liðir sem voru settir í forgang af hálfu frístunda- og menningarfulltrúa og sviðsstjóra umhverfis- og skipulags. Fjárveiting til fasteignaviðhalds er 6,6 m.kr. Tekjuafgangur Eignarsjóðs af rekstri íþróttamannvirkja er 21,6 m.kr.

31301 Skrifstofa Iðndal 2

Áætlun um viðhald fasteignarinnar er 2,8 m.kr. Tekjuafgangur Eignarsjóðs er 1,3 m.kr.

31380 Búmenn, þjónusturými

Engin áætlun vegna viðhaldsverkefna. Tekjuafgangur Eignarsjóðs er 32,4 m.kr.

31381 Búmenn, íbúð 106

Engin áætlun vegna viðhaldsverkefna. Tekjuafgangur Eignarsjóðs er 1,1 m.kr.

31382 Búmenn, íbúð 107

Engin áætlun vegna viðhaldsverkefna. Tekjuafgangur Eignarsjóðs er 1,1 m.kr.

3150 Gatnakerfi

Engin áætlun vegna viðhaldsverkefna, en gert er ráð fyrir endurnýjun gatna í framkvæmdaáætlun. Tekjuafgangur Eignarsjóðs vegna reiknaðra afnota er 28,6 m.kr.

31571 Aragerði 4

Fasteignaviðhald er áætlað 0,1 m.kr. Gjöld Eignarsjóðs eru samtals 0,3 m.kr.



31572 Aðrar fasteignir

Hér undir er rekstur annarra fasteigna sveitarfélagsins, þar sem gert er ráð fyrir 1 m.kr. í viðhaldsverkefni, m.a. vegna nauðsynlegra viðgerða á gamla björgunarsveitarhúsinu sem nú hýsir m.a. geymslu fyrir kajaka grunnskólans. Gjöld Eignasjóðs alls eru áætluð 1,2 m.kr.

31590 Aðrar fjárfestingar

Undir þennan lið eru færðar tekjur vegna reiknaðra afnota af ýmsum fjárfestingum sem ekki tengjast fasteignum beint, og er tekjuafgangur Eignasjóðs áætlaður 1 m.kr.

3178 Áhöld og búnaður

Einungis reiknaður liður, reiknaður tekjuafgangur Eignasjóðs er 3,6 m.kr.

3180 Sameiginlegur kostnaður

Einungis reiknaður liður, einkum afskriftir, sem hafa verið uppfærðar m.v. áætlaðar fjárfestingar ársins. Afskriftir eru alls áætlaðar 51,7 m.kr.

31913 Vaxta- og verðbóttagjöld af langtímaskuldum

Hér færast vextir og verðbætur vegna þeirra langtímalána sem tekin hafa verið til fjárfestingar í fasteignum. Áætlun ársins vegna þessa þáttar er um 26,9 m.kr.



41 Hafnarsjóður

Rekstur hafnarsjóðs er hefðbundinn milli ára, lítið umfang er á rekstrinum og tekjur því litlar. Bæjarsjóður greiðir framlag til rekstursins að fjárhæð 5,6 m.kr., þar sem reksturinn stendur ekki undir sér. Heildarkostnaður við rekstur Hafnarsjóðs er 5,4 m.kr.

4101 Almenn hafnargjöld

Tekjur af hafnargjöldum eru áætlaðar um 0,8 m.kr.

4111 Hafnarmannvirki

Rekstur hafnarmannvirkja er í svipuðu horfi milli ára. Áætlunin er 5,6 m.kr.



43 Vatnsveita

Sveitarfélagið á og starfrækir dreifikerfi neysluvatns, rekstur þess færir undir þennan lið. Áætlað er að reksturinn verði í járnum að þessu sinni, og að tekjuafgangur verði einungis um 0,5 m.kr.

4301 Selt vatn

Vatnsskattur tekur mið af gjaldskrá sveitarfélagsins hvað varðar álagningu vatnsgjalds. Áætlun um sölu vatns til fyrirtækja eftir mæli tekur mið af verðlagsbreytingum milli ára. Heildartekjur af seldu vatni árið 2022 eru áætlaðar 21,0 m.kr.

4312 Stofnæðar og dælur

Uppistaðan í kostnaði þessa liðar er keypt vatn af HS Veitum. Að öðru leyti er um hefðbundin rekstur og viðhald vatnsveitunnar að ræða. Áætlun ársins er 20,5 m.kr.



61 Fráveita

Sveitarfélagið starfrækir fráveitukerfi í þéttbýlinu í Vogum. Tekjuafgangur fráveitunnar er áætlaður 1 m.kr.

6101 Fráveita

Rekstur fráveitukerfisins milli ára er áþekkur, tekjur taka mið af álögðu fráveitugjaldi samkvæmt gjaldskrá. Álögð fráveitugjöld árið 2021 eru áætluð 19,6 m.kr.

6111 Fráveitukerfi

Hér eru afskriftir fráveitukerfisins áætlaðar, samtals 7,1 m.kr.



Fjögurra ára áætlun áráanna 2022 – 2025

Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er kveðið á um að áætlanir sveitarfélaga skulu ná til næstu fjögurra ára, þó með megin áherslu á áætlun næsta árs. Megin efni þessarar greinargerðar hér að framan fjalla því um forsendur og einstök atriði áætlunar ársins 2021. Hér að neðan er að finna yfirlit yfir áætlaðar fjárfestingar ársins 2021; hvaða forsendum skuli gera ráð fyrir í rekstrinum 2022 – 2024 sem og yfirlit yfir þær fjárfestingar og nýframkvæmdir sem gert er ráð fyrir að ráðist verði á árin 2022 – 2024.

Framkvæmdir 2022

Heildaráætlun ársins 2022 vegna nýframkvæmda er 309 m.kr.

Tillagan gerir ráð fyrir þessum framkvæmdum á árinu 2022:

Nýtt vatnsból sveitarfélagsins	150.000.000
Malbikun Keilisholt	8.000.000
Tenging fráveitu við Græ nuborg	90.000.000
Deiliskipulag / Gatnagerð - ný hverfi	2.000.000
Göngu- og hjólastígur	20.000.000
Niðurrif á Garðhúsum	7.000.000
Niðurrif á gamla frystihúsinu (tillaga D-lista)	1.000.000
Ærslabelgur/aparóla (tillaga D-lista)	1.500.000
Hönnun og bygging nýs grunnskóla	5.000.000
Uppbygging íþróttamannvirkja	10.000.000
Uppbygging útivistar- og leiksvæða, "Betra Ísland"	7.000.000
Mön við Breiðuholt, tyrping við Lyngholt o.fl.	2.000.000
Vogagerði 23 - gerð útivistasvæðis	3.000.000
Aðkoma inn í bæinn, hönnun, kostnaðarreikningur, undirbúningur	1.000.000
Lýsing göngustíga	1.500.000
Samtals	309.000.000



Forsendur áætlunar áráanna 2023 – 2025

Í áætlunarskjalinu sem lagt er fram til samþykktar má sjá áætlun fyrir árin 2022 – 2024. Áætlunin er brotin niður á málaflokka undir bæjarsjóði, sem og fyrir rekstur B-hluta fyrirtækja. Áætlunin tekur mið af ýmsum forsendum, m.a. um fjölgun íbúa og íbúða á áætlunartímabilinu. Að sama skapi er einnig tekið mið af auknum rekstrarkostnaði sem fylgir auknu umfangi í starfsemi, einkum eftir að byggt hefur verið grunnskólann og áhrif þeirrar starfsemi segir til sín.

Mikil uppbygging nýrra íbúðasvæða er fyrirhuguð á áætlunartímabilinu. Þeirri uppbyggingu fylgja fjölmargar nýjar íbúðabyggingar, sem munu skila sér í hækkun álagningarstofns fasteignaskatta. Þá mun fjölgun íbúa á áætlunartímabilinu einnig skila sér í hærri útsvarstekjum til sveitarfélagsins.

Yfirlit framkvæmda áráanna 2023 – 2025

Í tillöggunni er gert ráð fyrir eftirtöldum framkvæmdum á áætlunartímabilinu:

	2023	2024	2025
Deiliskipulag / Gatnagerð - ný hverfi	50.000.000	50.000.000	50.000.000
Göngu- og hjólastígur	20.000.000	20.000.000	20.000.000
Hönnun og bygging nýs grunnskóla	25.000.000	250.000.000	250.000.000
Færanleg kennslustofa við leikskóla	2.500.000		
Endurnýjun gatna	20.000.000	20.000.000	20.000.000
Uppbygging íþróttamannvirkja	20.000.000	100.000.000	50.000.000
Uppbygging útivistar- og leiksvæða, "Betra Ísland"	5.000.000	5.000.000	5.000.000
Aðkoma inn í bæinn, hönnun, kostnaðarreikningur, undirbúningur	5.000.000		
Lýsing göngustíga	1.500.000		
Samtals	149.000.000	445.000.000	395.000.000

Þyngst í þessu yfirliti vegur viðbygging við Stóru-Vogaskóla, sem gert er ráð fyrir að hefjist árið 2023 og standi yfir út áætlunartímabilið. Með viðbyggingunni næst góð stærðarhagkvæmni í rekstur skólans, og gert ráð fyrir að skólinn geti með bættem húsakosti tekið vel við fjölgun nemenda í tengslum við uppbyggingu nýrra íbúðahverfa á áætlunartímabilinu.

Þá er einnig sleginn tónninn deiliskipulagningu og gatnagerð nýrra hverfa á áætlunartímabilinu. Sveitarfélagið vill gjarnan geta átt lóðir til úthlutunar fyrir einstaklinga og framkvæmdaaðila sem vilja byggja hér upp. Áfram verður einnig haldið í því verkefni sem hefur verið viðvarandi mörg undanfarin ár að endurnýja lagnir og götur í eldri hluta þéttbýlisins.

Áfram verði haldið í uppbyggingu göngu- og hjólréiðastíga, bæði á Vatnsleysuströnd og yfir Vogastapa. Loks er einnig tekið frá fjármagn til uppbyggingar íþróttamannvirkja og útivistasvæða.


Þróun rekstrartekna, rekstrargjalda og lykiltalna

Rekstrartekjur sveitarfélagsins samanstanda af útsvarstekjum, fasteignasköttum, lóðaleigu, framlögum Jöfnunarsjóðs, þjónustutekjum og öðrum tekjum. Þýðingarmesti tekjustofn bæjarsjóðs eru útsvarstekjur. Hámark álagningarhlutfalls samkvæmt sveitarstjórnarlögum er 14,52%, og hefur sveitarfélagið nýtt sér það undanfarin ár. Áfram er gert ráð fyrir hámarksálagningu útsvars, enda forsenda þess að framlög til tekjujöfnunar fái úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Með fjölgun íbúa er gert ráð fyrir að útsvarstekjur aukist. Mikil uppbygging á sér nú stað innan sveitarfélagsins, einkum á Grænuborgarsvæði. Er því gert ráð fyrir talsverðri fjölgun íbúa, með tilheyrandi hækkun útsvarstekna. Áætlaður íbúafjöldi í lok áætlunartímabilsins (31.12.2025) er 1.878 íbúar, sem endurspeglast samsvarandi í þróun rekstrartekna:




Þróun rekstrartekna



Rekstrargjöld samanstanda af launum og launatengdum gjöldum, öðrum rekstrarkostnaði, afskriftum og fjármagnsliðum. Laun og launatengd gjöld er sá útgjaldaliður sem vegur þyngst. Lykilatriði í þróun rekstrargjalda á áætlunartímabilinu felst í því að ná betri skilvirkni í rekstrinum, eða með öðrum orðum að nýta þá starfsemi og innviði sem þegar eru fyrir betur. Hér er einkum átt við að unnt verður að taka á móti fleiri íbúum og veita þeim þjónustu, án þess að auka til muna t.d. fjölda starfsmanna. Áætlað er að raunhækkun rekstrarkostnaðar fylgi verðlagsþróun, en að frá og með árinu 2023 fjölgi starfsfólki eigi að síður um 2% á milli ára.


Þróun rekstrargjalda



Framlegðarhlutfall rekstursins (tekjur – breytilegur kostnaður) segir einkum til um getu hans til að standa undir afborgunum lána, nýframkvæmdum og öðrum eignabreytingum. Með bættu framlegðarhlutfalli eftir því sem líða tekur á áætlunartímabilið batnar staðan, en nauðsynlegu jafnvægi verður þó ekki náð fyrr en síðari hluta árs 2023:




Framlegðarhlutfall



Veltufé frá rekstri er annar mikilvægur mælikvarði á getu sveitarfélagsins til að standa undir afborgunum lána og nýframkvæmdum. Veltufé frá rekstri er fundið með því að draga reiknaða liði frá rekstrarniðurstöðu ár hvert, og á þann hátt greina þá fjárhæð sem reksturinn leggur til fjárhagslega. Veltufé frá rekstri þarf að vera tiltekið lágmark miðað við skuldaviðmið (skuldahlutfall) hverju sinni. Eins og sjá má á meðfylgjandi línuriti næst þetta jafnvægi þegar í lok næsta árs, 2022.

Veltufé frá rekstri





Lokaorð – niðurstaða

Sveitarfélagið Vogar stendur á tímamótum. Niðurstaða rekstursins var réttu megin við strikið mörg undanfarin ár, allt þar til að tók að halla undan fæti árið 2020. Margvíslegar ástæður urðu til þess að rekstrarniðurstaðan fór úr litlum rekstrarafgangi í mikið rekstrartap. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum verður rekstrarniðurstaðan neikvæð þrjú ár í röð, og líklegt að heildarfjárhæð rekstrartapsins verði rúmar 300 m.kr. Það er mikið högg fyrir ekki stærri rekstrareiningu. Góðu fréttirnar eru þær að íbúum sveitarfélagsins fer fjölgandi á næstu árum, með tilheyrandi aukningu útsvarstekna. Talsverð uppbygging íbúðarhúsnæðis er einnig fyrirhuguð, með tilheyrandi aukningu fasteignaskatta. Gera má ráð fyrir að skilvirkni rekstursins muni því batna talsvert á allra næstu árum, þannig að framlegðarhlutfall fari batnandi með tilheyrandi bættri rekstrarafkomu. Góðu fréttirnar eru einnig þær að efnahagur sveitarfélagsins var *heilbrigður“ þegar áfallið dundi yfir, þ.e. skuldir voru tiltölulega lágar. Það hefur í för með sér að þrátt fyrir mikla þörf fyrir auknar lántökur um þessar mundir, tekst sveitarfélaginu að halda sig innan skuldaviðmiða sveitarstjórnarlaganna (sem þó hafa verið aftengd tímabundin fram til ársins 2025).

Gangi allar áætlanir um uppbyggingu sveitarfélagsins upp á næstu árum er framtíðin björt. Þrátt fyrir tímabundna erfiðleika þessi misserin er líklegra en ekki að vel takist að ná utan um reksturinn þannig að hann verði sjálfbær. Til þess þurfa þó allar ytri aðstæður og forsendur að standast, og ljóst að lítið má út af bera. Það verður því áfram mikilvægt, hér eftir sem hingað til, að vera stöðugt á varðbergi gagnvart þróun rekstursins, bæði á tekju- og gjaldahlið. Mikilvægt er að bregðast skjótt við ef forsendur breytast, svo unnt sé að halda uppi góðri þjónustu við íbúa og samfélagið allt.

Vogum, 13. desember 2021

Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri